

Efni : Slægður og óslægður afli

Hér að neðan verða tekinn nokkur dæmi með mun á slægðum og óslægðum afla

1. Ekki hafa öll fiskiskip möguleika á því að slægja aflann sem þeir veiða vegna stærðar t.d. getur sá er rær á trillu ekki með slægt aflann sem hann fiskar , það er einfaldlega ekki pláss eða aðstaða um borð til þess.,
2. Nýtingin á ósl fiski er mjög mismunandi eftir árstíðinn getur verið allt að 30% innihald í fisknum, tókum dæmi um dagróðrabáta annar slægir hinn ekki þessi sem slægir kemur með 7,5tonn í land en þessi sem slægir ekki kemur með 10 tonn, til aflamarks hjá þeim sem slægir kemur 7,5 tonn en hjá hinum kemur 8,4 tonn miðað er við að slógið sé 25%.” Aðal veiðitími hjá þeim skipum sem ekki slægja er á þeim tíma sem slógið er frá 12% til 30%. Að meðaltali 20-22%. Og er þa munur á slægðum fiski um 4-6% sem er talsverður.
3. Gæði aflans verður betri þar sem fiskurinn verður mun hvítari og fær að blórenna í sjó óslægður og aflinn fer strax að lokinn blóðgun í ískrapa, einnig ef hringormur er til staðar í fiskinum fer ormurinn í lifrina og verður holdið að mestu leiti laust við orm, það er ekki að ástæðulausu sem kaupendur á fiski sem eru í ferskfisks útflutningi (flugi) vilja helst ekkert annað en fisk af þessum bátum í vinnsluna “ einfaldlega betri vara.
4. Betri meðferð á fisknum næst með því að slægja í landi þar sem hann verður fyrir minni skakkaföllum og td. Vætubein skemmist ekki, nýtingin á innyflum verður meiri þar sem lifur er öll nýtt, svilin verða nýtt mun betur og maginn verður einnig nýttur þá þarf varla að tala um þaug miklu verðmæti sem eru í hrognum þar sem þaug eru mun betri en þegar verið er að slægj úti á sjó(ekki eins slöpp og skorinn betur kæld) og rest af slóginu nýtist í refa og minka fóður.í flest öllum tilfellum er öllu slógi hent nema hrognum og lítils háttar af lifur þegar slægt er á sjó
5. Færri menn eru við veiðarnar betri meðferð á hráefninu og á móti verður meiri vinna í landi , (flokkun á slori og slæing) .
6. Þó skal hafa það í huga að ekki er vænlegt að landa aflanum óslægðum nema af dagróðrabátum .
7. Eins og sjá má þá skiptir miklu máli fyrir þá báta sem landa fisk óslægðum að sá afli sem kemur til aflamarks sé miðaður við raunþyngd á slægðum afla.en ekki einhvern 16% stuðul.

Sjávarútvegsnefnd Alþ.
8/12 2003.

Samantekt þessi á fyrst og fremst við um þorsk, og kosti þess að honum sé landað óaðgerðum. Þá er það óásættanlegt að ekki skuli mega vigta aflann eftir að gert hefur verið að honum og sú vigt komi í lóðsinn. Ég vil vekja ath. á að það er mismikið inní fiskinum eftir árstíma, það sveiflast frá að vera 12% og til að vera 31% þegar mest er á vertíðinni, en meðal tal á vetrarvertíð er um 27%.

Nokkrir kostir þess að landa afla óaðgerðum og að vigta hann eftir slægingu, allt árið.

- 1. það er mismunandi nýting eftir árstíma.**
- 2. gæði aflans við að blóðrenna í sjó.**
- 3. gæði afla sem er kældur vel og fljótt.(ískrapi)**
- 4. þar sem er hringormur, þá flýr hann úr holdinu í innifli. það er mun betri meðferð á fiskinum að gera að í landi en á sjó,(td, vætubein kemur óbrotið.)**
- 5. minni launakostnaður, við aðgerð í landi, þar sem aðgerð á sjó krefst áhafnar meðlima, sem eru mjög vannýttir.**
- 6. lifur er hent fyrir borð.**
- 7. Gotan hefur allt önnur gæði.**

Einar kristjánsson